Alþingi
Erindi nr. Þ 140/583
komudagur 30.11.2011

BORGARAHREYFINGIN

Til: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Frá: Borgarahreyfingunni (BH)

Efni: Umsögn um frumvarp Stjórnlagaráðs (skýrslu forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands og við tillögu til þingsályktunar um meðferð tillagna stjórnlagaráðs sem nefndin hefur nú til umfjöllunar).

Háttvirt Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Borgarahreyfingin (BH) lýsir yfir stuðningi við frumvarp til nýrrar stjórnarskrár sem samþykkt var af öllum fulltrúum Stjórnlagaráðs. Það er meginniðurstaða aðalfundar BH sl. september, Lýðræðishóps BH og félagsfundar BH 29. nóvember sl.

Mikilvægt er að ferlið framundan verið opið og lýðræðislegt, og að Stjórnlagaráð, sem og þjóðin, verði höfð með í ráðum við allar þær breytingar sem kunna að vera gerðar á frumvarpinu fyrir afgreiðslu Alþingis.

Á félagsfundi BH 29. nóvember sl., var eftirfarandi ályktun frá Lýðræðishópi BH samþykkt:

„Félagsfundur Borgarahreyfingarinnar lýsir yfir ánægju með tillögu Stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnskipunarlaga sem samþykkt var samhljóða af öllum fulltrúum ráðsins.

Óbreytt væri tillagan mikil framför frá núgildandi stjórnarskrá, t.d. hvað varðar lýðræði, gagnsæi, ábyrgð og mannréttindi. Auk þess yrði það ótvíræður kostur að ekki þyrfti lengur að vísa til hefða og túlkana.

Mikilvægt er að ferlið framundan verði opið og lýðræðislegt, og engar breytingar gerðar á tillögunni án þátttöku Stjórnlagaráðs og með aðkomu almennings. Innan Stjórnlagaráðs er og hefur safnast mikil sérþekking á þessu sviði og er ráðið fullfært um að vinna úr umsögnum um frumvarpið.

Félagsfundurinn styður efnislega þá tillögu um málsmeðferð sem lögð er til í þingskjali nr. 6, en leggur áherslu á að endanleg niðurstaða Stjórnlagaráðs

færi í víðtæka kynningu og að því loknu í "ráðgefandi" þjóðaratkvæðagreiðslu, helst ekki síðar en 1. maí nk.“

BH styður tillögu þingmanna Hreyfingarinnar auk Róberts Marshalls, Þráins Bertelssonar, Guðmundar Steingrímssonar og Davíðs Stefánssonar. Ef Stjórnlaganefnd mun ekki taka þátt í ferlinu í óbreyttri mynd er lagt til að tryggt verði við lausn þess vanda að þjóðarviljinn komi skýrt fram um þá valkosti sem kjósendur muni velja á milli.

Eindreginn stuðningur BH við frumvarp Stjórnlagaráðs sem heildar leiðir af sér að ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

f.h. Borgarahreyfingarinnar
Friðrik Þór Guðmundsson